VÍÐTÆK EIGNATRYGGING

Skilmálar nr. 291

Víðtæk eignatrygging bætir tjón á hinu vátryggða lausafé sem verður vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Vátryggður er vátryggingartaki. Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins vátryggða.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

2. gr. Hvað fellur undir trygginguna?

Vátryggingin tekur til beins tjóns á vátryggðu lausafé sem tilgreint er á vátryggingaskírteini en aldrei til rekstrartaps eða annars óbeins tjóns.

Verði tjón á einstökum hlut sem er meira virði en 5% af heildarvátryggingarfjárhæð takmarkast greiðsluskylda félagsins við þá fjárhæð, ef verðmæti hlutarins hefur ekki verið sérstaklega tilgreint á vátryggingarskírteininu.

3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir beint tjón á hinu vátryggða, sem verður vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks sem ekki er undanþegið í skilmálum þessum.

4. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki:

a. Tjón sem orsakast af framleiðslugalla, efnisgalla, samsetningargalla, rangri tengingu, titringi, hitaleiðni, miðflóttaafli, rangri smurningu eða skorti á smurningu.
b. Slit sem leiðir af eðlilegri notkun, dælda, ryðbruna, tæringar, hægrar eyðingar málaðra eða lakkaðra flata svo og rispna eða flögnunar. Sama gildir um slit á strengjum, blöðum eða húðum.
c. Tjón sem stafar af ónógu viðhaldi eða umsjón.
d. Tjón sem seljandi, viðgerðaraðili eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi eða lögum.
e. Tjón sem verður vegna áhrifa loftslags eða andrúmslofts.
f. Tjón vegna ónógra eða lélegra umbúða.
g. Tjón af völdum þjófnaðar sem ekki telst innbrotsþjófnaður eða rán. Þó bætist tjón af völdum þjófnaðar úr læstum bíl enda beri hann greinileg merki um að brotist hafi verið inn í hann.
h. Tjón sem verður þegar hið vátryggða hefur gleymst, týnst eða mislagst.
i. Tjón á glermunum sem brotna.
j. Hvers konar afleitt tjón.

5. gr. Varúðarreglur

Vátryggður eða starfsmenn sem gegna ábyrgðarstöðu hjá honum skulu halda hinu vátryggða og tilheyrandi búnaði í góðu rekstrarástandi og bæti eða láti bæta án tafar úr þeim göllum eða vöntunum sem þeim kann að vera kunnugt um.

Sé hið vátryggða háð opinberu eftirliti skal uppfylla þær reglur sem um það gilda.

Fylgja skal leiðbeiningum framleiðanda eða seljanda hins vátryggða um hirðu, notkun, álag eða viðhald.

Dyr, gluggaop og önnur op inn á þann stað sem hið vátryggða er geymt skulu vera tryggilega læst og lyklar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

6. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Um bótafjárhæðir fer skv. almennum skilmálum félagsins. Ef altjón hefur orðið á framleiðsluvélum og vátryggður kaupir sambærilega vél til að halda framleiðslu áfram skal þó miða bætur við enduröflunarkostnað sambærilegrar vélar að teknu tilliti til aldurs, gerðar og notkunar.

Bætur fyrir tjón á vörum í framleiðslu og fullunnar vörur, sem vátryggður hefur sjálfur framleitt til notkunar, sölu eða dreifingar miðast við viðgerðarkostnað ef viðgerð er möguleg en að hámarki við innkaupsverð hráefnis og áfallinn kostnað við framleiðsluna miðað við verðlag á tjónsdegi. Bætur fyrir aðrar vörubirgðir og lagervöru nema að hámarki kostnaði við öflun sambærilegrar vöru. Ekki greiðast bætur fyrir áætlað söluverð eða missi hagnaðar.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.